



Formannafundur haldinn 15. febrúar 2007 kl.20:00 að Hringbraut 108.

Mættir:

Einar, Kári, Þórður og Sigurvin frá aðalstjórn. Guðmundur (sund), Dagbjört (badminton), Rúnar (knattsp.), Birgir (karfa) og þær Eva og Jónína frá (fíml.) ekki komu fulltrúar frá taekwondo-og skotdeild.

Formaður félagsins bauð menn velkomna á formannafund og setti fundinn.

1. Skipting stjórna deilda.

Einar óskaði eftir skilum á hvernig deildir væru mannaðar og hvernig þær skipta með sér verkum. Bað formenn að gefa stutt yfirlit yfir hvaða breytingar hefðu átt sér stað á aðalfundi viðkomandi deildar.

Birgir (karfa) sagði frá því að stjórnin hefði öll verið endurkörin en karfan heldur svo aukaaðalfund í lok keppnistímabils og verða væntanlega einhverjar breytingar þá. Verið er að vinna í fjármálum deildarinnar en þau hafa farið úr böndunum.

Dagbjört gjaldkeri (badm.) var í forföllum formanns. Breytingar á stjórn en Sesselja hætti sem formaður og Ingunn Gunnlaugsdóttir tók við.

Rúnar (knattsp.) sagði frá því að nokkrar breytingar voru gerðar á stjórn.

Eva (fíml.) sagði frá því að Ella Magga hefði farið út úr stjórninni en þær ættu eftir að finna einhvern í staðin fyrir hana.

Guðmundur (sund) breytingar voru gerðar á stjórn sunddeildar en þá lét Klemenz af störfum sem formaður og Guðmundur tók við sem formaður sunddeildarinnar. Sparisjóðsmót verður nú tveir dagar. Bikarmót SSÍ verður haldið hér í júní.

Einar sagði að ákveðið væri að gefa út símaskár með upplýsingum um stjórnarmenn deilda félagsins og bera hana út í Reykjanesbæ. Upp kom sú spurning hvort ekki væri rétt að taka út heimilisfang og setja í staðinn netfang og voru menn sammála því. Aðalstjórn sér um kostnað sem að þessu hlýst.

2. Ábyrgðir stjórnarmanna og aðalstjórnar.

Einar afhenti fundarmönnum bækling til upplýsingar um skattskyldur íþróttafélaga sem Ríkisskattstjóri gaf út, fór nokkrum orðum um hvernig bæri að halda utan um gögn. Einar minnti fundarmenn á mikilvægi þess að fundagerðir séu samviskulega færðar (partur af sögu viðkomandi deildar og félagsins í heild). Einnig væri nauðsynlegt að dagskrá fundar lægi fyrir. Einar kom inn á það að hvort ekki væri rétt að fundagerðir deilda væru tiltækar á netinu eða að aðalstjórn fengi alltaf afrit að fundagerðum deilda. Nokkrar umræður um færslu fundagerða.

3. Landsmót UMFÍ í Kópavogi 5. – 8. júlí 2007 og unglíngalandsmótið á Höfn.

Einar skýrði frá helstu atriðum landsmóts. Hvatti formenn deilda til að mæta með fjölmennt lið á landsmótið í Kópavogi. Setningarathöfnin verður afar glæsileg þar sem UMFÍ heldur upp á eitthundrað ára afmæli sitt. Rætt um yfirhöfn sem



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag, fyrirmyndarfélag ÍSÍ



hugsanlega gæti verið til framtíðar hjá félaginu og okkar búningur á landsmótinu í Kópavogi. Óskað var eftir tillögu frá aðalstjórn. Athuga verði með strætó á milli Reykjanesbæjar og Kópavogs á meðan móti stendur. Aðalstjórn mun standa straum af helstu kostnaðarfárútlátum fyrir landsmótið.

Einar kynnti einnig unglingslandsmótið á Höfn og fór yfir helstu atriði, en aðalstjórn leggur áherslu á að deildir félagsins sækji mótið og bendir á grein í jólablaði okkar sem er eftir Margréti Sturlaugsdóttur þjálfara og formann unglingsráðs körfuknattleiksdeildar Keflavíkur.

5. Önnur mál.

Rætt um verkferils ípróttaslysa og hvernig á að bregðast við þeim. Umræður um tryggingarmál deilda og lyfjamál. Einar dreifði eintaki á hverja deild um hverjir hafa setið í viðkomandi deild og óskaði eftir því að menn færu yfir listann og skiluðu inn athugasemdum á næsta mánudag, fór síðan yfir hverjir fengu viðurkenningu á aðalfundinum og bað viðkomandi formann að sjá til þess að þeir aðilar sem eiga að hljóta viðurkenningu komi á aðalfundinn. Rúnar spurðist fyrir um styrk vegna ferðakostnaðar frá RNB og lagði til að bærinn myndi stofna slíkan sjóð ef hann væri ekki nú þegar til. Einar tók að sér að koma þessum skilaboðum á framfæri við ÍT. Rætt um ípróttamannvirkjastefnu RNB. Einar sagði að það lægi tillaga fyrir aðalfundinum um laganeftnd og ætlun aðalstjórnar væri að láta endurskoða lög félagsins. Formaður nefndarinnar yrði löglærður maður sem er mjög gott fyrir félagið og hjálpar í ágreiningsmálum ef tillagan nær fram að ganga á aðalfundinum. Einar minnti menn á bikarúrslitaleik kvenna í körfu nú um helgina boðið er uppá fríar sætaferðir

Einar þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og óskaði formönnum velfarnaðar og sleit fundi.

Fleira ekki gert fundi slitið kl:22:00

